



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Mál á 155. þingi. Breyting á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar o.fl. í umhverfis- og orkumálum URN24060042
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	4.7.24

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur sett af stað verkefni sem miðar að skilvirkari leyfisveitingaferlum á sviði umhverfis- og orkumála. Verkefnið snýst um skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála á Íslandi með endurhönnun ferla, endurskoðun regluverks, stafrænum lausnum og breyttu verklagi.

Verkefnið greinist í þrjá meginverkþætti:

- Kortlagning og endurhönnun á ferlum og verklagi.
- Endurskoðun regluverks.
- Stafræn þróun og innleiðing nýrra ferla.

Hafa ber í huga að verkefnið tengist náði áformum um sameiningu stofnana á sviði umhverfis- og orkumála.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að vinna frumvarp til þeirra lagabreytinga sem teljast nauðsynlegar svo að úrbætur á leyfisveitingaferlum raungerist.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Umfang nauðsynlegra lagabreytinga hefur ekki verið metið á þessu stigi en um leyfisveitingarnar sem verkefnið tekur til er fjallað um í a.m.k. 13 lögum.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Stefna hins opinbera er einföldun á stofnanakerfinu, sbr. vinna starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra, sem skipaður var 2022, um einföldun á stofnanakerfinu til að m.a. bæta áfram þjónustu, auka skilvirkni og auðvelda stafræna þróun ríkisins.

Í orkustefnu segir: *Nauðsynlegt er að hafa öflugra stjórnsýslu sem getur uppfyllt sínar skyldur með skilvirkum hætti og styðji þannig við þarfir samfélagsins er varða orkumál. Ferli leyfisveitinga þarf að tryggja að aðilar uppfylli kröfur um leið og það er einfalt og skilvirkt þannig að tímafrestir séu hæfilegir í samanburði við það sem best gerist í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við.*

Í stjórnarsáttmála segir: Regluverk verður endurskoðað ásamt því útbúa einfalda og skýra ferla með hliðsjón af markmiðum stjórnvalda til að gera öllum atvinnugreinum kleift að taka þátt í nauðsynlegum loftslagsverkefnum.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið lagasetningarinnar um skilvirkari og einfaldari leyfisveitingaferla í umhverfis- og orkumálum samræmist framangreind markmið orkustefnu og stjórnarsáttmála. Samræming málsmeðferðar og möguleg einföldun stjórnáráðgjafarinnar, sem er til þess fallið að auka skilvirkni og bæta þjónustu ríkisins.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Verkefnið sem greint er frá í A- lið mundi ekki að fullu raungerast.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Verið er að meta umfang nauðsynlegra lagabreytinga en ljóst er að hægt er að ná talsverðum árangri með endurhönnun ferla og verklagi ásamt rafrænum eða stafrænum lausnum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Ekki hefur verið lagt mat á mögulegar leiðir við lagasetningu á þessu stigi en allar líkur eru á því að um verði að ræða bandorm, þ.e. breytingar á ýmsum lögum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Sjá C. Ekki ljóst á þessu stigi.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Yfirfara þarf þau lög sem taka til leyfisveitinga í umhverfis- og orkumálum og leggja til viðeigandi breytingar.

Þau helstu sem koma til greina eru þessi:

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, 7/1998,

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004,

efnalög, nr. 61/2013,

lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996,

lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011,

Raforkulög, nr. 65/2003,

lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001,

lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998,

lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990,

vatnalög, nr. 15/1923,

lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Ísland hefur fullgilt Árósasamning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þjóðréttarsamningurinn veitir almenningi rétt á að eiga aðkomu að ákvarðanatöku sem hefur áhrif á umhverfið.

Þá þarf að taka mið af tilskipun 2011/92/ESB sbr. tilskipun 2014/52/ESB um umhverfismat framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.
F. Samráð
<p>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Umsækjendur leyfa, þ.e. framkvæmdaraðilar (Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka o.fl.) Umhverfisverndarsamtök (Landvernd, Ungir umhverfissinnar o.fl.) Umhverfisstofnun, Orkustofnun og aðrar stofnanir ríkisins á sviði umhverfis- og orkumála.</p> <p>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Skörun við stjórnarmálefni innviðaráðuneytisins sem fer með skipulagsmál. Einnig skörun við önnur leyfisveitingaverkefni hjá öðrum ráðuneytum, svo sem Matvælastofnun; Fiskistofu</p> <p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Óskað var eftir tillögum í tengslum við verkefnið á samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-94/2024. 13 umsagnir bárust.</p> <p>4. Fyrirhugað samráð. Birting þessara áforma í samráðsgátt stjórnvalda. Birting frumvarpsdraga í samráðsgátt stjórnvalda. Hugað verður að frekari kynningu og samráði.</p>
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
<p>1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal.</p>
H. Næstu skref, innleiðing
<p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Verkefnisáætlun liggur fyrir um verkefni skilvirkari leyfisveitingaferla á sviði umhverfis- og orkumála. Ekki hefur verið gerð sérstök verkefnisáætlun um frumvarpssmiðina.</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Eins og fram er komið er áformuð lagasetning liður í verkefni sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur sett af stað og miðar að skilvirkari leyfisveitingaferlum á sviði umhverfis- og orkumála. Verkefnið er unnið með ytri ráðgjöfum og í samvinnu við Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Ekki liggur fyrir hvort þörf verður á sérstakri aðlögun.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Forsendur árangurs af lagasetningunni eru m.a. að innleiðing annarra þátta verkefnisins um skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála gangi eftir.</p> <p>4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Helsti mælikvarðinn er afgreiðsluhraði umsókna.</p> <p>5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Gert er ráð fyrir upplýsingaöflun hjá stofnunum um málsmeðferð.</p>
I. Annað
J. Fylgiskjöl
<p>1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.</p> <p>2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.</p>



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Mál á 155. þingi. Breyting á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar o.fl. í umhverfis- og orkumálum URN24060042
Ráðuneyti	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	4.7.24

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

- 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi fjárhagsáhrif, stytting og einföldun ferla hefur jafnan í för með sér óveruleg áhrif á ríkissjóð. Gjaldskrárákvæði verða einnig yfirfarin og því möguleiki á því að stofnanir geti aflað frekari tekna vegna þjónustu sem þær veita.
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
Á ekki við.
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Líklega verða fjárhagsáhrif, ef einhver verða, varanleg.
Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
Á ekki við.
 - d) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
- 2. Tekjubreytingar.**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
- 3. Útgjaldabreytingar.**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
- 4. Eignabreytingar.**

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
- 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.**
 - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
Jafnan taka stofnanir þjónustugjald fyrir leyfisveitingar er byggja á umfangi þeirra.

Einföldun kann að leiða til minnkandi tekna nema umfang aukist. Þjónustugjöld eiga þó alla jafna að mæta þeim tilkostnaði sem umfang leiðir af sér.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
Alla jafna hafa þær stofnanir er koma að leyfisveitingum heimild til að taka þjónustgjald fyrir veitt þjónustu, skv. gjaldskrá.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Ekki er talið að frumvarpið muni hafa áhrif á ríkissjóð.

- a) í gildandi fjárlögum
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

nei

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“

Áformin fela í sér einföldun laga og stjórnsýslu sem ættu að stuðla að minni reglubyrði, og auknum fyrirsjáanleika fyrir atvinnulíf, þar með talin orkufyrirtæki. Hugsanlegt er að auknar heimildir verði til töku gjalda vegna þjónustu stofnana.

3. Samkeppnisskilyrði.

Enginn af stafliðum a – d á við.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ólíklegt á þessu stigi málsins.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

nei

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

nei

4. Áhrif á byggðalög.

Óveruleg eða ólíkleg á þessu stigi

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Einfaldari samráðsferli sem leiðir af einfaldaðri og gagnsærri stjórnsýslu hefur jákvæð áhrif á ýmis frjáls félagasamtök sem láta sig umhverfis- og orkumál varða.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.

– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.

Engin eða óveruleg

7. Áhrif á lýðheilsu.

Engin eða óveruleg

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Engin eða óveruleg

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Á ekki við

10. Áhrif á stjórnáslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við þeim verkefnum sem samþykkt frumvarps mundi leiða af sér.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Engin eða óveruleg

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að styðja við og styrkja faglega ákvarðanatöku við leyfisveitingar í umhverfis- og orkumálum. Þannig liggja allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir sem varðað geta umhverfisáhrif, skilyrði og mótvægisáðgerðir. Slíkt er til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Hefur ekki

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Skilvirkari stjórnásla sem felst í frumvarpinu felur í sér samfélagslegan ávinning.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 137/2024 í samráðsgátt - Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar o.fl. í umhverfis- og orkumálum

Vísað er til máls nr. 137/2024 í samráðsgátt, Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar o.fl. í umhverfis- og orkumálum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Almennt:

HER tekur undir mikilvægi þess að lög séu endurskoðuð en vekur athygli á því að einungis stofnanir ríkisins eru listaðar sem hagsmunaaðilar. Hvergi er minnst á sveitarfélög og heilbrigðisnefndir en meðal þeirra laga sem talin eru upp í skjalinu sem á að endurskoða eru lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en þau lög eru ein af grundvallarlögum sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga m.a framfylgja. HER telur að miklir hagsmunir séu í húfi þar sem breytingar eru líklegar til að hafa áhrif á starfsemi sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda og og því nauðsynlegt að þau séu höfð í samráði við endurskoðun þessara laga og listuð sem hagsmunaaðilar.

Varðandi mat á áhrifum:

Það er mat HER að kostnaður við þessar breytingar sé vanmetinn en kerfisbreytingar munu alltaf hafa í för með sér kostnað fyrir stofnanir, sveitarfélög og leyfishafa.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
Verkefnastjóri